


Frá Æfingu barnaleikritsins Óvita í Þjóðleikhúsinu.

Þjóðleikhúsið sýnir Óvita:

Elsti leikarinn á sjötugsaldri, sá yngsti sjö ára

Þjóðleikhúsið frumsýnir barnaleikritið Óvita eftir Guðrúnu Helgadóttur í dag, laugardaginn 28. janúar. Í sýningunni leika 29 leikarar, 9 fullorðnir og 20 börn. Flosi Ólafsson er elstur leikaranna, á sjötugsaldri og leikur smábarn í kerru. Yngsti leikarinn er Melkorka Óskarsdóttir, hún er sjö ára og leikur elstu persónu verksins, sveitakonu. Guðrún Helgadóttir skrifaði leikritið að beiðni Þjóðleikhússins í tilefni Barnaárs Sameinuðu þjóðanna árið 1979 og hlaut verkið bestu aðsókn íslensks barnaleikrits, var sýnt alls 56 sinnum, segir í frétt frá Þjóðleikhúsinu.

Í Óvitum er allt öfugsnúið. Börnin fæðast stór, en minnka með aldrinum. Foreldrarnir reyna að fá börnin til að borða minna, svo að þau verði lítil. Mömmur reyna að spara með því að kaupa of lítil föt á krakkana, því að „börnin minnka svo hratt." Börnin leika fullorðna og fullorðnir leika börn. Því eldri sem leikarinn er, þeim mun yngri persónu leikur hann.

Söguhetjurnar, Guðmund og Finn, leika þeir Þór Thulinius og Halldór Björnsson. Þeir verða vinir þegar þegar Finnur strýkur að heiman og leitar skjóls á heimili Guðmundar án vitundar foreldra þeirra. María Ellingsen leikur systur Guðmundar, Sigrún Waage er Sirrý bekkjarsystir þeirra, aðrir fullorðnir leikarar eru Guðlaug María Bjarnadóttir, Helga Jónsdóttir, Randver Þorláksson, Örn Árnason og Flosi Ólafsson.

Í stærstu barnahlutverkunum eru Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Haukur Karlsson sem leika foreldra Guðmundar, Vaka Antonsdóttir og Torfi F. Ólafsson leika foreldra Finns og Sigríður Hauksdóttir leikur móður Sirrýar. Auk þeirra koma fram Erla Gunnarsdóttir, Grímur Hákonarson, Hlín Diego, Hildur Eiríksdóttir, Linda Marteinsdóttir, Helga Sigmundsdóttir, Freyr Ólafsason, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Melkorka Óskarsdóttir, Bergur Sigurðarson, Orri Helgason, Oddný Arnarsdóttir, Helgi Páll Þórisson, Hrafnkell Pálmarsson og Oddný Ingimarsdóttir.

Leikstjóri Óvita er Brynja Benediktsdóttir og Gylfi Gíslason teiknaði leikmynd. Þau sáu einnig um fyrri uppfærslu verksins í Þjóðleikhúsinu. Ljósahönnuður er Ásmundur Karlsson.


Orgeltónleikar í Fríkirkjunni

SUNNUDAGINN 29. janúar klukkan 17.00 stendur Listvinafélag Hallgrímskirkju fyrir orgeltónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík. Hörður Áskelsson organisti Hallgrímskirkju leikur íslenska og franska orgeltónlist. Þessir tónleikar áttu upphaflega að vera í Kristskirkju, en vegna viðgerða á orgelinu þar voru þeir fluttir í Fríkirkjuna. Allur aðgangseyrir rennur í orgelsjóð Hallgrímskirkju, en vonir standa til að innan þriggja ára verði lokið smíði 70 radda orgels fyrir Hallgrímskirkju.

Verkin sem Hörður leikur eru Tokkata eftir Jón Nordal, sálmforleikur eftir Þorkel Sigurbjörnsson, E-dúr kórall nr. 1 eftir César Franck, Sónata eftir Áskel Másson og Gotnesk svíta eftir Leon Boellmann. Hörður lutti svipaða efnisskrá á þrennum tónleikum í Þýskalandi sl. haust, m.a. á norrænni orgelviku í Kartäuser-kirkjunni í Köln. Við það tækifæri frumflutti hann orgelsónötuna eftir Áskel Másson, en hún var skrifuð að tilhlutan Listvinafélags Hallgrímskirkju árið 1986 og er eitt viðamesta orgelverk íslensks tónskálds. Sauer-orgel Fríkirkjunnar í Reykjavík, sem smíðað var árið 1926, er stærsta orgelið í Reykjavík með 36 raddir. Það var gert upp og stækkað árið 1985 og hentar mjög vel til flutnings á rómantískri og nýrri orgeltónlist.

Þessir tónleikar eru í röð áskriftartónleika Listvinafélags Hallgrímskirkju. Aðgöngumiðar verða seldir við innganginn, en andvirði þeirra rennur, sem fyrr segir, í orgelsjóð Hallgrímskirkju.

(Fréttatilkynning)



Hörður Áskelsson organisti.

Kristján Guðmundsson opnar sýninguna „Teikningar 1972-1988"


Fyrsta boðssýningin á vegum Kjarvalsstaða

SÝNINGIN „Teikningar 1972-1988" verður opnuð í vestursal Kjarvalsstaða í dag, laugardag, kl. 16.00. Öll verkin eru eftir Kristján Guðmundsson og er hann fyrsti listamaðurinn, sem boðið er að sýna verk sín að Kjarvalsstöðum. Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar samþykkti í fyrra þessa nýbreytni og fá alls þrír listamenn að njóta þessa í ár. Helgi Þorgils Friðjónsson sýnir í vor og Erró mun setja þar upp sýningu í haust í boði Kjarvalsstaða.

Kristján var á sínum tíma einn helsti fulltrúi SÚM-hópsins og einna fyrstur til að tileinka sér myndmál og aðferðir „konsept"-listarinnar svokölluðu í byrjun áttunda áratugarins. Sú list hefur ávallt verið með einkar fræðilegu sniði og stuðst við skýrar og afgerandi forsendur. Allt frá upphafi virðist list Kristjáns Guðmundssonar fjalla um listina með stóru L-i, hvort sem það er með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum. Í fyrri verkum listamannsins miðast allt við að gera listina ekki list í hefðbundnum skilningi heldur hefta hana og loka frá allri löngun, ímyndun og hillingum, sem annars gæfu henni vængi, segir í frétt frá Kjarvalsstöðum. Verkin voru lokuð utan um eigin kenningar og klifun. Á síðustu árum hefur Kristján hinsvegar opnað fyrir þátttöku áhorfandans í verkum sínum, líkt og fleiri „konsept"-listamenn áttunda áratugarins, og boðið honum að njóta fagurfræðilegra unaðsemda myndverksins. Merkingarkjarnanum hefur verið sundrað og í stað hans er komið, svo notuð séu orð listamannsins sjálfs, „burðarafl hráefnisins - staðbundin orka þess".

Kristján er fæddur á Snæfellsnesi, en uppalinn í Reykjavík. Hann er sjálfmenntaður í myndlist og eru um það bil 25 ár síðan hann byrjaði, að eigin sögn. Hann tók fyrst þátt í sýningu árið 1967, sýningu sem bar heitið „Ungir myndlistarmenn" í Laugardalshöll og hefur síðan sýnt víða, bæði hér heima og erlendis. Kristján er nú búsettur í Reykjavík. Hann bjó í Amsterdam frá 1970 til 1979 og á Hjalteyri við Eyjafjörð frá 1979 til 1982. Hann segist fást við margbreytilega hluti í myndlistinni, teikningar, olíuverk, skúlptúra og bókagerð.

Sýning Kristjáns að Kjarvalsstöðum er opin daglega frá kl. 11.00 til kl. 18.00 og stendur til 12. febrúar. Á sýningunni verða hátt í 30 teikningar, allt abstraktmyndir. Sum verkanna eru til sölu, en önnur eru fengin að láni hjá einstaklingum.



Morgunblaðið/RAX

Kristján Guðmundsson, myndlistarmaður

Sýningar á íslenskum verkum

Í Listasafni Íslands standa nú yfir sýningar á íslenskum verkum í eigu safnsins.

Í sal 1 eru kynnt verk Jóhannesar Kjarvals, Jóns Stefánssonar og Gunnlaugs Schevings. Landlagsmálverk Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar eru sýnd í sal 2. Á efri hæð safnsins eru sýnd ný aðföng, málverk og skúlptúrar eftir íslenska listamenn.

Leiðsögn um sýningar í húsinu í fylgd sérfræðings fer fram á sunnudögum kl. 15.00 og eru auglýstar leiðsagnir ókeypis.

Leiðsögn um „Mynd mánaðarins" fer fram á fimmtudögum kl. 13.30. Mynd janúarmánaðar er „Hjartað" eftir Jón Gunnar Árnason. Listasafn Íslands er opið alla daga, nema mánudaga kl. 11—17 og er aðgangur ókeypis.

Veitingastofa hússins er opin á sama tíma.

(Fréttatilkynning)

M.S.-félagið:

20 ára afmælisrit komið út

M.S.-félag Íslands varð 20 ára á liðnu hausti og í tilefni þess hefur nú verið gefið út sérstakt afmælisrit.

Þar er að finna ritsmíðar ýmissa lækna, vísindamanna, M.S.-sjúklinga og aðstandenda þeirra um ýmislegt sem lýtur að sjúkdómnum, lífi sjúklinganna og stöðu þeirra.



Forsíða afmælisritssins

Börn norðursins

Myndskreytingar úr norrænum barnabókum

SÝNINGIN „Börn norðursins" verður opnuð í Norræna húsinu sunnudaginn 29. janúar nk. kl. 14:00. Er þarna um að ræða sýningu á myndskreytingum úr norrænum barnabókum. Sýningin er hingað komin á vegum Norræna hússins og Barnabókaráðsins, en þetta er sama sýning og haldin var í Osló dagana 26. til 30. september 1988 í tilefni 21. Alþjóðaþings IBBY þar. Þing þetta bar yfirskriftina „Barnabókmenntir og nýju miðlarnir." Skipuleggjendur og umsjónarmenn þingsins voru fulltrúar IBBY-deildanna á Norðurlöndum í sameiningu. Frá Íslandi voru send verk eftir Brian Pilkington, Önnu Cynthiu Leplar og Sigrúnu Eldjárn.

Í tengslum við þessa sýningu eru fyrirhugaðar ýmsar uppákomur bæði fyrir börn og fullorðna. Laugardaginn 4. febrúar hefst ráðstefna á vegum IBBY í Norræna húsinu kl. 13:00. Þar verða haldnir fyrirlestrar um ýmsa þætti barnamenningar. Meðan sýningin stendur yfir lesa höfundar nokkrum sinnum úr verkum sínum frá kl. 13:00—15:00 og sagnaþulir segja sögur. Ennfremur gefst börnum tækifæri til að kynnast teiknimyndagerð, vinna við myndlist og leikræna tjáningu.

Fréttatilkynningar verða sendar í skólana á höfuðborgarsvæðinu og geta kennarar fengið tíma fyrir hópa ef þeir óska þess.

Sýningunni lýkur sunnudaginn 12. febrúar.

(Fréttatilkynning)